

Ed.

187. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Á eftir 10. gr. laganna komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

- a. (11. gr.). Við bændaskólann á Hvanneyri skal vera sérstök deild til framhaldsnáms fyrir búfræðinga. Námstími er frá 1. október til 20. júní.
- b. (12. gr.). Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru þessi:
 - a. Að nemandi hafi lokið búfræðiþrófi í bændaskóla og hlotið 1. einkunn.
 - b. Að hann hafi stundað verklegt búnaðarnám sem svarar einu missiri, samkvæmt nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.
 - c. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.

Heimilt er þó að veita undanþágu um einkunn og verklegt nám, ef sérstakar ástæður þykja til og skólastjóri mælir með því.

- c. (13. gr.). Við framhaldsnám búfræðinga skulu kenndar þessar námsgreinar: Stærðfræði, jarðræktarfræði, land- og hallamælingar, búfjárræktarfræði ásamt fódurfræði og undirstöðuatriðum í meðferð helztu búfjársjúkdóma, búreikningar, landbúnaðarlöggjöf og landbúnaðarhagfræði.

- d. (14. gr.). Nemendur skulu að námi loknu taka próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í framhaldsdeild.
- e. (15. gr.) Atvinnumálaráðuneytið skal í samráði við skólastjóra og Búnaðarfélag Íslands gefa út reglugerð fyrir framhaldsdeildina með nánari ákvæðum um framhaldsnámið og próf í deild þessari, svo og um verklegt framhaldsnám.

Greinargerð.

Það skiptir islenzkan landbúnað miklu, að sem bezt verði vandað til undirbúningsfræðslu bænda, og sérstaklega þeirra manna, sem ætlað er að verða aðstoðarmenn þeirra og leiðbeinendur í vandasömum störfum, eða taka að sér stjórn sameiginlegra verklegra framkvæmda í búnaði. Þetta hefir ýmsum helztu mönnum bændastéttarinnar verið ljóst um alllangt skeið. Kemur það m. a. fram í svo hljóðandi áskorun, er Búnaðarþing 1933 samþykkti og sendi Alþingi:

„Búnaðarþingið beinir því til Alþingis, að það láti athuga möguleika fyrir innlendu framhaldsnámi í búfræði, er helzt fari fram í sambandi við annan hvorn bændaskólann, og miðast námið við undirbúningsmenntun þeirra manna, er hafa með höndum leiðbeiningarstörf fyrir búnaðarsambönd eða forstöðu stærri búnaðarframkvæmda.

Tillögur, er byggðar séu á þessum athugunum, leggist fyrir næsta Alþingi.“

Með því skipulagi, sem Búnaðarfélag Íslands hefir komið á félagsmála-starfsemi bænda, er verksvið búnaðarsambandanna meðal annars að inna af hendi viðtækt leiðbeiningarstarf fyrir bændur. Með fjölgun búnaðarsambandanna, auknum félagslegum framkvæmdum bænda og vaxandi nauðsyn breyttra búnaðarháttanna verður æ ríkari þörfin fyrir menn með viðtækri búnaðarmenntun, er færir séu að leiðbeina bændum um þessi efni, hver í sínu héraði.

Hingað til hafa menn orðið að afla sér allrar viðtækari búnaðarmenntunar á erlendum búnaðarháskólum, því hið almenna nám við bændaskólana er ekki einhlítt. Þetta erlenda nám er of dýrt, samanborið við þau kjör, sem unnt er að bjóða starfsmönnum búnaðarsambandanna (héraðsráðunautunum). Og auk þess fjallar hin viðtækari búnaðarmenntun þessara erlendu stofnana í ýmsu um efni, sem fjarskyld eru búnaðarháttum hér á landi. Hinsvegar hafa innlendar rannsóknir og tilraunir síðustu ára aukið mjög innlenda búfræðipekkingu, og er mikilsvarðandi, að hún komi að sem beztum notum.

Virðist því tími til kominn að stofna til innlendrar kennslu fyrir þá menn, er takast fyrrgreind störf á hendur fyrir búnaðarsamböndin og verkleg félagsfyrirtæki bænda.

Nauðsynlegt er, að námi þeirra sé þannig hagað, að þeir fái aflað sér staðgóðrar þekkingar í jarðyrkju og búfjárrækt, bæði bóklega og verklega, og menntun þeirra sé miðuð við innlenda staðhætti og sérstöðu þjóðarinnar í landbúnaði.

Þessu virðist eðlilegast og auðveldast að koma í framkvæmd með verklegu námi við bændaskólana, á fyrirmyndarþúum, er þau komast á fót, eða hjá fyrirmyndarbændum, og að við bændaskólann á Hvanneyri verði komið á eins vetrar framhaldsnámi fyrir efnilega búfræðinga.